

mæli í bifreið sinni. Þykir refsing hans eftir atvikum og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi.

Með tilliti til þess, að mjög varhugavert er að láta mann, sem í svo ríku mæli og hér að framan hefir verið lýst getur misst vald yfir sjálfum sér, halda réttindum til að stýra bifreið, þykir bera að svipta ákærða æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 60.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Guðmundsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og sé æfilangt sviptur leyfi til þess að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Péturs Magnússonar hrm., kr. 60.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 52/1940. **Réttvísni**

(Guðmundur I. Guðmundsson)

gegn

Þórði Sigurði Valdimar Ólafssyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Saurlífismál.

Dómur hæstaréttar.

Mök ákærða við drenginn Ólaf Byron Guðmundsson varða að nokkru við 1. mgr. 203 gr. og að nokkru við 2. mgr. sömu greinar hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra laga, og mök ákærða

við drengina Eggert Kristján Vídalín Kristjánsson og Guðmund Ermenreksson varða við 2. mgr. 203. sbr. 20. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. enn fremur 2. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórður Sigurður Valdimar Ólafsson, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflytningismannanna Guðmundar I. Guðmundssonar og Gunnars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. marz 1940.

Ár 1940, þriðjudaginn 5. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 123/1940: Réttvísinn gegn Þórði Sigurði Valdimar Ólafssyni, sem tekið var til dóms 8. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Þórði Sigurði Valdimar Ólafssyni verkamanni, Bjargarstíg 7 hér

í bæ, fyrir brot gegn 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. ágúst 1903, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum

1923 $2\frac{3}{2}$ Kærður fyrir óleyfilega töku á möl úr fjöru.

1924 $1\frac{5}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1928 $2\frac{2}{7}$ Sætt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 $\frac{8}{8}$ Kærður af Helga Guðmundssyni bílstjóra hjá B. S. R. fyrir þjófnað. Málið afturkallað.

1930 $1\frac{1}{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 8 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaaakstur, kr. 1070.55 til skaðabóta í sama máli.

1931 $2\frac{2}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 $2\frac{2}{12}$ Kærður af Eggert Kristjánssyni, Laugaveg 28 C, fyrir meint kynferðisafbrot. Féll niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 7. marz 1939.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Miðvikudagskvöldið 28. desember 1938 var 16 ára drengur, Eggert Kristján Vidalin Kristjánsson, Laugavegi 26 C hér í bæ, á gangi á Hverfisgötu með tveimur öðrum drengjum. Ákærði kom til þeirra og spurði þá, hvort þeir hefðu séð dreng að nafni Karl Sölvason, en ákærði er föðurbróðir Karls. Þeir gátu ekki gefið honum upplýsingar um hann. Bað ákærði þá drenginn Eggert að koma með sér og gera sér greiða. Eggert var til í það, en bað hina drengina að koma með sér. Ákærði vildi þá ekki fá með sér aðra en Eggert, og varð það úr, að þeir fóru tveir einir heim í herbergi ákærða, en þá bjó hann í húsinu Hverfisgötu 64. Þegar þangað var komið, bauð ákærði Eggert sæti við hlið sér á legubekk, sem Eggert þáði (svo), bauð honum vindling, sem hann ekki þáði, og talaði síðan við hann um stund um ýmislegt viðkomandi Eggert. Eggert spurði nú ákærða, hvað það væri, sem hann ætti að gera. Ákærði spurði hann þá, hvort hann vildi vinna sér inn 10 krónur „í hveli“. Eggert spurði hann þá, hvað hann ætti að gera, en ákærði vildi ekki segja honum það,

fyrir en hann hefði lofað að gera það, og sagði í því sambandi, að ekki væri um neinn glæp að ræða, og að það væri ekkert ljótt, sem hann ætti að gera, 10 krónur væri miklir peningar, og þetta tæki aðeins litinn tíma. Meðan á þessu stóð, var Eggert staðinn upp af legubekknunum, en ákærði lagstur. Eggert segist nú vilja fá að vita strax, hvað hann ætti að gera. Ákærði sagði honum þá að setjast á legubekkin fyrir framan sig, og gerði hann það. Ákærði sagði honum þá að setjast hærra upp. Spurði þá Eggert, hvort hann ætti að setjast ofan á hann, og játaði ákærði því. Eggert settist nú ofan á ákærða og lagðist síðan eftir beiðni ákærða endilangur á bakið ofan á ákærða. Þá tók ákærði höndum um brjóst Eggerts og spurði hann, hvort hann væri ákveðinn og ekkert hikandi. Því játaði Eggert og spurði, hvað hann ætti að gera. Þá spurði ákærði aftur, hvort hann væri hikandi, og þegar hann neitaði, að svo væri, sagði ákærði honum að fara úr vinnuslopp, sem hann var í. Stökk þá Eggert upp og spurði ákærða, hvort hann væri að verða vitlaus, en ákærði reyndi ekki að hindra hann í að standa upp. Eggert opnaði nú hurð, sem lá úr herberginu fram í eldhús, sem stúlkur voru í. Síðan gekk hann á ákærða, hvað hann meinti með þessu, en ákærði neitaði að segja honum það, af því að hann hefði ekki viljað gera þetta fyrir sig. Eggert vissi ekki, hvað ákærði hét, og spurði hann um það, en ákærði vildi ekki segja honum það. Þeir urðu síðan samferða út, ákærði og Eggert, og skildi þar með þeim.

Það, sem nú hefir verið sagt um viðskipti þeirra ákærða og Eggerts, er samkvæmt frásögn hins síðarnefnda. Daginn eftir að þetta gerðist kærði Eggert til lögreglunnar yfir atburðum þessum, og var ákærði þá þegar tekinn til yfirheyrslu, en neitaði þá eindregið að hafa gert nokkra tillraun til kynferðismaka við Eggert, heldur einungis hafa beðið hann að selja sér „dynamo“ á reiðhjól og talað við hann í sambandi við það.

Í rétti 20. janúar síðastliðinn skýrði hann frá því, að hann hefði verið drukkinn, þegar þetta gerðist, og illa muna eftir því, en þó muna, að Eggert hafi lagzt endilangur ofan á sig í legubekknunum, og kvaðst hann telja víst, að hann hafi gert það sökum einhverra umleitana sinna um að hafa kynferðisleg mök við hann. Þegar frásögn Eggerts,

sem að framan er rakin, var lesin fyrir ákærða, lýsti hann því yfir, að hann teldi hana rétta og játaði að hafa sagt rangt frá málavöxtum í fyrra vetur, þegar atriði þetta var til rannsóknar, af því að sér hafi í allsgáðu ástandi ætíð verið ljóst, að kynferðismök karlmanna innbyrðis væru refsiverð og sérlega andstyggileg að almenningsáliti.

Með þessari játningu ákærða teljast framangreind atvik sönnuð.

II.

Fimmtudaginn 26. janúar 1939 um kl. 7 síðdegis var Guðmundur Ermenreksson sendisveinn, Laugavegi 42, fæddur 13. janúar 1923, á leið niður Vatnsstíginn hér í bænum. Þar hitti hann mann, sem hann ekki þekkti, en hélt að væri Sölvi, bróðir ákærða, en það var í raun og veru ákærði. Ákærði bað Guðmund að tala við sig, og var erindið að biðja hann að koma heim til sín klukkan hálf átta um kvöldið, og sagði honum, að hann ætti geymdan pakka hjá sér, og að hann skyldi ekki hafa verra af að koma. Guðmundur spurði hann, hvers konar pakki það væri, sem væri hjá honum, en ákærði vildi ekki skýra frá því. Guðmundur spurði hann þá, hvort hann mætti hafa strák með sér, og sagði þá ákærði, að hann mætti hafa eins marga með sér og hann vildi. Ákærði spurði Guðmund ekki að nafni og sagði heldur ekki til sins nafns, en svaraði játandi, að hann væri faðir drengsins Karls Sölvaonar, er Guðmundur spurði hann að því.

Á tilsettum tíma fór Guðmundur, ásamt drengnum Ingólfi Filippussyni, heim til ákærða, sem bjó þá á Lindargötu 8 E. Ákærði talaði fyrst við þá báða, en síðar við þá einslega, hvorn í sínu lagi, og endaði það með því, að Ingólfur fór hurt, að nokkru eftir tilmælum ákærða, en Guðmundur varð eftir. Ákærði bað Guðmund sérstaklega að vera hjá sér þangað til klukkan að ganga tíu, því að stúlka kæmi til sín klukkan hálf níu, og vildi hann hafa Guðmund inni hjá sér, meðan hún tefði. Bauðst ákærði til að greiða Guðmundi 10 krónur fyrir þetta. Ákærði var nokkuð undir áhrifum áfengis. Hann tók upp brennivinsflösku og saup á henni við og við. Einnig bauð hann Guðmundi bæði vín og vindlinga, en hann þáði ekki. Ákærði lagðist nú á bakið í legubekk og bað Guðmund að sitja á maganum á sér, og gerði hann það um stund. Guðmundur spurði ákærða,

hvort hann meinti nokkuð með þessu, en ákærði brást hinn versti við og vildi láta Guðmund útskýra þetta nánar. Kveðst hafa séð á honum, að hann meinti með þessu „homosexuel“ mök, en kvaðst enga ánægju hafa af slíku.

Þegar Guðmundur hafði verið þarna um klukkutíma, kom stúlka, sem skipti um rúmföt ákærða og bjó um hann. Hún sat um stund í herberginu og drakk kaffi, sem ákærði fékk hjá konu í húsinu, og reykti vindling. Þegar hún var farin, tók ákærði rúmfötin af legubekknunum og lét þau á stól. Sagðist hann þá ekki vera Sölvi, heldur bróðir hans. Hann lagðist nú upp í legubekkin og fékk Guðmund til að leggjast ofan á sig. Ákærði slökkti nú ljósið og fór að segja Guðmundi sögu af konu, sem ákærði hefði komizt yfir, og sýna honum mynd af henni. Hann vildi nú fá Guðmund til að leggjast ofan á sig og bauð honum tíu krónurnar, en Guðmundur kvað ekkert liggja á því. Þegar ákærði hafði lokið að segja söguna af konunni, spurði hann Guðmund, hvort hann vildi lofa sér nokkru og bauð honum 10 krónurnar strax, ef hann vildi lofa því strax, en vildi ekki segja, hvað það væri, sem hann vildi. Hann lét nú Guðmund leggjast ofan á sig og fór að þukla milli fóta hans og fór með höndina inn í buxnaklauf hans, inn á hann beran. Ekki losaði ákærði um fót sín, en Guðmundur fann til getnaðarlíms hans, meðan hann sat ofan á honum. Guðmundur bauð nú ákærða að útvega honum stúlku, en það vildi ákærði ekki. Guðmundur fór þá fram úr legubekknunum, og hindraði ákærði hann ekki í því, en bað hann að vera kyrran. Herbergisdyrnar voru ólæstar, og fór nú Guðmundur um þær út úr herberginu og síðan út úr húsinu, og skildi þar með þeim.

Það, sem nú hefir verið sagt um viðskipti þeirra ákærða og Guðmundar, er samkvæmt frásögn hins síðarnefnda. Daginn eftir að þetta gerðist kærði Guðmundur til lögreglunnar yfir atburðum þessum, og var ákærði þá þegar tekinn til yfirheyrslu, en neitaði þá eindregið að hafa gert nokkra tilraun til kynferðismaka við Guðmund, heldur hafi erindi sitt við hann verið að fá hann til þess að kaupa fyrir sig sviðakjamma.

Í rétti 20. janúar síðastliðinn var framburður Guðmundar um þessa atburði lesinn fyrir ákærða, og játaði hann þá þann framburð réttan. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega smáatriði í þessu sambandi, en aðalatriðið

kveðst hann muna, þ. e. a. s., að hann hafi reynt að fá Guðmund til að leyfa sér að hafa kynferðisafskipti af honum og í því sambandi fengið hann til að liggja hjá sér, hafa þuklað milli fóta hans og farið með höndina inn í buxnaklauf hans. Ekki kveðst hann muna, í hvaða tilgangi hann hafi fengið drengina til að koma heim til sín, og var frásögnin um þakkann tilbúningur einn.

III.

Verður nú lýst aðalatriðum þessa máls, sem eru viðskipti ákærða og drengsins Ólafs Byrons Guðmundssonar, sem er fæddur 6. ágúst 1925.

Ákærði hefir þekkt Ólaf frá því Ólafur var barn, því að þeir bjuggu í nágrenni, og Ólafur var félagi Karls Sölvasonar, bróðursonar ákærða. Á tímabilinu frá 1. október 1937 til í september 1938 bjó ákærði í húsinu Hverfisgötu 64. Síðan hefir hann búið í húsunum Lindargötu 8 E, Hverfisgötu 58 og Bjargarstig 7. Um kynferðissamneyti ákærða og Ólafs var ekki að ræða, fyrr en einhverntíma meðan ákærði bjó á Hverfisgötu 64. Þá stóð þannig á með Ólaf, að hann var farinn að hafa kynferðismök við annan mann hér í bænum, og er það mál rekið sérstaklega. Ólafur kom kvöld eitt heim til ákærða og var með ærsl við hann, kitlaði hann o. s. frv. Þá fékk ákærði girnd til hans, það hann að leysa niður um sig buxurnar, og gerði Ólafur það viðstöðulaust. Ákærði sagði honum að leggjast á grúfu á legubekk í herberginu, og gerði hann það. Ákærði lagðist síðan ofan á Ólaf, sett harðan getnaðarlim milli læra hans og hafði síðan samræðishreyfingar þar til honum varð sáðfall. Mök sem þessi hefir ákærði haft við Ólaf öðru hvoru frá þessum fyrstu mökum og þar til á þessum vetri, að Ólafur stal frá honum fötum. Hafa þeir nokkrum sinnum haft mök saman í öllum þeim herbergjum, er ákærði hefir búið í og áður eru nefnd. Milli makanna leið aldrei minna en vika, en stundum meira, allt upp í mánuð. Ólafur samþykkti ætíð að hafa mökin við ákærða og fékk alla jafna einhverja borgun fyrir, frá kr. 1.50 til kr. 3.00 í hvert skipti. Kveðst hann eingöngu hafa gert þetta vegna þess, að hann fékk fyrir það, því að nautn hafi hann enga haft af þessu.

Þá hefir Ólafur skýrt svo frá, að meðan ákærði bjó á Hverfisgötu 64, hafi hann tvisvar haft mök við sig þar þannig, að hann setti getnaðarliminn inn í endaparm Ólafs og hafði þar samræðishreyfingar, en tók getnaðarliminn út, áður en honum varð sáðfall. Segir Ólafur ákærða hafa verið í þessi skipti með mesta móti drukkinn, en hann hefir borið, að ákærði hafi oftast nær verið drukkinn, þegar þeir höfðu mök saman. Ákærði hefir skýrt svo frá, að hann muni ekki eftir að hafa haft kynferðismök við Ólaf með þessum hætti, en kveðst telja víst, að Ólafur skýri rétt frá um þetta atriði. Verður því að teljast nægilega sannað, að mök þessi hafi gerzt.

IV.

Þá er það upplýst, að ákærði hefir kysst bróðurson sinn, Karl Sölvason, fæddan 27. apríl 1924, einkennilega mikið, bæði drukkinn og ódrukkinn, og það svo, að Karli þótti það ógeðslegt, sérstaklega þegar ákærði var drukkinn. Að öðru leyti hefir framkoma ákærða við Karl verið með venjulegum hætti.

V.

Eins og málavöxtum nú hefir verið lýst, er ljóst, að ákærði hefir gerzt brotlegur við 186. gr. hegningarlaganna með afskiptum sínum af drengjunum Eggert Kristjáni Vidalin Kristjánssyni og Guðmundi Ermenrekssyni. Sömu grein hefir hann einnig brotið með afskiptum sínum af drengnum Ólafi Byron Guðmundssyni, og með því að setja getnaðarlim sinn inn í endaparm hans og hafa þar samræðishreyfingar hefir hann brotið 178. gr. hegningarlaganna. Þó að drengirnir samþykktu kynferðismök ákærða við þá, getur það ekki, vegna aldurs drengjanna, leyst ákærða frá refsingu fyrir þau mök. Hót ákærða við bróðurson sinn, Karl Sölvason, verða ekki gefin honum að sök.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrn. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórður Sigurður Valdimar Ólafsson, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 32/1940. Sæmundur Stefánsson
gegn

Guðmundi Þorvaldssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sæmundur Stefánsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. september 1940.

Nr. 58/1940. Jón Eiríksson
gegn

Ragnari Bjarkan.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Eiríksson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.